

## **20. Stjórnarfundur FENÚR,**

haldinn 23. ágúst 2000 kl. 15:30 á skrifstofu SORPU í Gufunesi.

Mættir: Gunnar Bragason, Ingi Arason, Pétur Bjarnason, Ragna Halldórsdóttir og Ásmundur Reykdal.

### **Fundargerð.**

Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.

### **Vinnuhópur LCA greiningar.**

L.A. greinir frá starfi hópsins. Stillt hafi verið upp mismunandi ferlum til að bera saman til greiningar. Helga Jóh. hjá Línuhönnun meti hvernig samtengja megi það norrænu samstarfsverkefni. Enn vantar kostnaðaráætlun vegna undirbúningsvinnunnar til að halda verkefninu áfram. Leita þarf eftir áhuga hugsanlegra hagsmunaaðila að styrkja verkefnið með framlögum. T.d. sorpsamlög, opinberir aðilar, umhverfishópar og aðrir sem hagsmuna eiga að gæta.

### **Starfshópar, ráðgjafastjórn, fundir.**

Formaður ræddi starfsem starfshópanna, sem engin hefur verið í sumar. Á döfinni væru fundir brennsluhóps og lagahóps. Í framhaldi af hugmyndum um að sameina eitthvað af hópunum með það að markmiði að gera starf þeirra markvissara mun stjórn FENÚR móta stefnu og gera tillögu til ráðgjafastjórnar. Málið verði tekið fyrir á næsta stjórnarfundum 6. sept n.k.

### **Heimasíða.**

Sif Svavarsdóttir mætti á fundinn og greindi frá stöðu heimasíðunnar. Upplýsingar eru settar inn á síðuna jafnóðum og þær berast, en vegna sumarleyfa, varð 2ja vikna eyða í færslum, sem nú hefur verið lagfært.

Rætt um skráningu í “Íslensk Fyrirtæki” ákveðið að taka grunnskráningu, þ.e. Nafn, heimilisfang og póstfang (e-mail).

### **Hauststarfið.**

Rætt um starfið framundan. Boðað verður til fundar í ráðgjafastjórn FENÚR. Stefnt að því að gengið verði frá dagskrá og tímasetningu á næsta stjórnarfundum.

### **Önnur mál.**

Ragna, lagði fram gögn, bréf og bæklinga, sem borist hafa til FENÚR í sumar. Ákveðið að nota heimasíðu félagsins til að kynna aðsent efni, sem félaginu berst.

Fundi slitið 16:15.

Næsti fundur 6. September kl. 15:30 á skrifstofu SORPU í Gufunesi.

Á.R.